

Leikskóli Seltjarnarness

Starfsáætlun

2017 - 2018



Gildi Leikskóla Seltjarnarness

Ágúst

Leikskólastarfið hefst 31. júlí kl. 12:30. Fyrir hádegi verður $\frac{1}{2}$ skipulagsdagur sem notaður verður til undirbúnings fyrir skólaopnun.

11. ágúst. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður klukkan 12.

September

Skipulagt leikskólastarf hefst eftir aðlögun nýrra barna og starfsmanna.

Þema í sept./okt./nóv. „Ég og fjölskylda míin“ og „Árstíðirnar“

4. sept. Tónlistarstundir hefjast í samstarfi við Tónlistarskóla Seltjarnarness.

5. sept. Sameiginleg söngstund Mána- og Sólbrekku haldin í Mánabrekku – Ólöf María, tónmenntakennari stjórnar.

12. sept. Aðalfundur foreldrafélagsins.

15. sept. Dagur íslenskrar náttúru. Opið á milli deilda.

18. sept. „Hringekjan“ hefst og stendur yfir í 9 vikur. Í Hringekju er boðið upp á níu mismunandi vinnustöðvar 2 x í viku. Unnið er með hreyfingu, útinám, listsköpun, jóga, sögugerð, umhverfismennt, vináttu, vísindi og tónlist. Öll börn í Sólbrekku taka þátt og fá tækifæri til þess að vinna á öllum vinnustöðvum og um leið að kynnast börnum og starfsfólk af öðrum deildum.

Unnið með Vináttu, sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti fyrir leikskóla. Sjá nánar <http://www.barnaheill.is/Vinatta/>

Á hverjum föstudagsmorgni er fagnaðarfundur í sal sem deildir skólans skiptast á að undirbúa og stýra.

Kynning á vetrarstarfi leikskólans, auglýst nánar á hverri deild.

Í ágúst/sept. er grænmeti tekið upp úr matjurtarbeðum sem allir fá að njóta.

Október

Nemendur 1. bekkja Mýrarhúsaskóla koma í heimsókn í leikskólann.

3. okt. Sameiginleg söngstund Mána- og Sólbrekku haldin í Mánabrekku – Ólöf María, tónmenntakennari stjórnar.

6. okt. Starfsmenn slökkviliðsins koma í heimsókn í Hátiðarsal Gróttu og fræða elstu börnin um eldvarnir o.fl.

12. okt. Tónleikar. Krakkar úr Tónó spila fyrir börnin í leikskólanum

18. okt. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður.

27. okt. Alþjóðlegur bangsadagur. Börnin koma með uppáhalds bangsann sinn í leikskólann. Opið milli deilda.

Nóvember

Leikjaflæði hefst í Mánabrekku hjá Skála og Odda. Nemendur úr Mýrarhúsaskóla koma og lesa fyrir börnin.

7. nóv. Sameiginleg söngstund Mána- og Sólbrekku haldin í Mánabrekku – Ólöf María, tónmenntakennari stjórnar.

8. nóv. Baráttudagur gegn einelti. Sérstök áhersla lögð á vináttuverkefnið. Opið á milli deilda.
7.-17. nóv. Áhersla lögð á íslenskt mál bæði mælt og ritað. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Þann dag verður sérstök dagskrá í sal þar sem börnin syngja og flytja ljóð eftir Jónas sem þau hafa lært í tilefni dagsins.

24. nóv. Samsöngur í sal. Byrjað að syngja jólalögin.

Desember

Í desember er lögð áhersla á að skapa rólegt andrúmsloft og njóta friðsældar á aðventu.
4.-8. des. Kaffihúsavika – Deildir fara til skiptis í „kaffihús“ þar sem boðið verður upp á kakó, kleinur og sögustund.
11. des. Stekkjastaur kemur til byggða.
14.-15. des. Jólatónleikar í Tónó
20. des. Litlu jólin. Dansað í kringum jólatré, jólasveinn kemur í heimsókn.

Janúar

Þema í jan./feb./mars. „Sögur og ævintýri“ og „Líkaminn“.

Hreyfiland hefst.

5. jan. Samsöngur í sal þar sem jólin eru kvödd.
19. jan. Bóndadagskaffi – Þorri byrjar og karlar eru boðnir í morgunkaffi. Sameiginlegt borðhald þar sem því er við komið.

Febrúar

Hringekjan hefst aftur í Sólbrekku. Foreldraviðtöl verða tekin á vorönn, foreldrar eru boðaðir skriflega.

6. feb. Dagur leikskólans – við gerum okkur dagamun. Sameiginleg söngstund Mána- og Sólbrekku haldin í Mánabrekku – Ólöf Maríá, tónmenntakennari stjórnar.
12. feb. Bolludagur – fiskibollur í hádeginu og rjómabollur síðdegis að íslenskum sið.
13. feb. Sprengidagur – í hádeginu er boðið upp á saltkjöt og baunir samkvæmt hefðinni.
14. feb. Öskudagur – furðufataball - leikrit í flutningi kennara og starfsfólks - opið á milli deilda.
15. feb. Í tilefni konudagsins 18. febrúar er konum boðið í morgunkaffi.
16. feb. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður.

Í lok febrúar fara börn fædd 2012 í heimsókn í Mýrarhúsaskóla.

Mars

Fjölmenningsarmánuður. Fjölbreytileikanum fagnað á ýmsan máta. Lesið, spjallað, hlustað á tónlist og rýnt í menningu hinna ýmsu þjóða. Þjóðfánar þeirra eru sýnilegir við hverja deild.

6. mars. Sameiginleg söngstund Mána- og Sólbrekku haldin í Mánabrekku – Ólöf Maríá, tónmenntakennari stjórnar.

20. mars. Tónleikar. Krakkar úr Tónó koma og spila í leikskólanum.
23. mars. Samsöngur í sal, tileinkaður fjölmenningu þar sem sungin verða lögð á hinum ýmsu tungumálum starfsmanna og barna.
Börn í 1. bekk Mýrarhúsaskóla koma í heimsókn.

Apríl

Þema í apríl/maí/júní. „Náttúran“

3. apríl. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður.

10. apríl. Sameiginleg söngstund Mána- og Sólbrekku haldin í Mánabrekku – Ólöf María, tónmenntakennari stjórnar.

25. apríl. Dagur umhverfisins, fæðingadagur Sveins Pálssonar (1762) náttúrufræðings.

Í apríl fara börn fædd 2012 í heimsókn i í Mýrarhúsaskóla. Í þetta sinn heimsækja þau 1.

bekkinga í skólastofum þeirra. Þau taka þátt í einni kennslustund og fá afhenta bók með verkefnum sem þau vinna í. Börnin hafa með sér nesti og fara með öðrum nemendum út í frímínútur.

Maí

11. maí. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður.

Í maí er „vorfagnaður“ á öllum deildum – foreldrum og aðstandendum er boðið að hlýða á söng og sjá hluta af vinnu barnanna. Dagsetningar auglýstar síðar.

Útskriftarferð og útskriftarhátíð elstu barnanna verður í maí/júní.

Sveitaferð að Bjarteyjarsandi með börn fædd 2013.

Umferðarskólinn verður í boði fyrir elstu börnin.

Í lok maí og byrjun júní er grænmeti, kryddjurtir og blóm sett niður.

Júní

Áhersla lögð á útiveru og vettvangsferðir.

„Krakkahestar“ koma í heimsókn í boði foreldrafélagsins.

Foreldrafélagið heldur sína árlegu fjölskylduhátíð í samstarfi við kennara og starfsfólk leikskólans.

Moltutunnur tæmdar í trjábeðin.

Kvenréttindadagurinn er 19. júní, bleikur dagur í leikskólanum.